

EFTIRLITSSKÝRSLA

Samherji fiskeldi Sigtún Öxarfirði



Dags eftirlits	25.5.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Samherji fiskeldi	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Glerárgötu 30	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	610406-1060	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Heiðdís Smáradóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Árni Ingólfsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik kom fram í eftirlitinu. Ein ábending var gerð, að tryggt sé að allar umbeðnar upplýsingar séu í ársyfirliti. Ekkert frávik var opið þegar eftirlitið fór fram.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð Samherja fiskeldis, Sigtúnum í Öxarfirði.

Farið var í vettvangsheimsókn þann 25. maí sl. en rafrænn fundur var haldinn 26. maí sl. Fulltrúar rekstraraðila í vettvangsheimsókninni voru Árni Ingólfsson og Nauzet David Suarez en á fundinum voru fulltrúar rekstraraðila þau Heiðdís Smáradóttir og Thomas Helmig.

Samkvæmt starfsleyfi stöðvarinnar má lífmassi í eldisstöðinni ekki vera meiri en 11 tonn á hverjum tíma. Lífmassi í stöðinni er nokkuð stöðugur og var um 7,5-9 tonn árið 2022. Í stöðinni eru ker bæði utan- og innandyra. Vatn er tekið úr tveimur lindum. Engin olía er geymd í stöðinni og lyfja- og efnanotkun er mjög lítil.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi (m.a. losun næringarefna)
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta
- Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg
- Kynning á nýrri gjaldskrá UST
- Kynning á breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlits
- Önnur mál
- Skoðunarferð (farin 25. maí)

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
Engin frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram.

Engar markverðar breytingar hafa orðið á rekstrinum frá síðasta eftirliti.

- Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi (m.a. losun næringarefna)
Ársyfirliti var skilað á tilskildum tíma fyrir árin 2021 og 2022, engum öðrum gögnum þarf að skila árlega til Umhverfisstofnunar.

Rekstraraðila er bent á að tryggja að allar umbeðnar upplýsingar séu settar fram á skýran hátt í ársyfirliti, t.d. að losun fosfórs og köfnunarefnis sé sett fram í samræmi við kröfur í starfsleyfi.

- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
Áhættumat var uppfært í eftirlitinu.

- Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta
Umhverfisstofnun óðlaðist með breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, heimild til álagninga stjórnvaldssekta.

- Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg
Kynntur var gagnagrunnur sem Umhverfisstofnun safnar upplýsingum í, um svæði þar sem er mengaður jarðvegur eða grunur er um mengun. Ekki er talin vera nein mengun í jarðvegi á lóð stöðvarinnar.

- Kynning á nýrri gjaldskrá UST
Ný gjaldskrá Umhverfisstofnunar tók gildi 1. mars sl. og fylgdu upplýsingar um hana þegar eftirlitið var boðað.

7. Kynning á breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlits

Umhverfisstofnun hefur breytt verklagi sínu varðandi boðun eftirlita og mun héðan í frá boða reglubundnar vettvangsheimsóknir með skemmri fyrirvara en venja hefur verið. Tímasetning vettvangsheimsókna getur einnig verið utan hefðbundins skrifstofutíma, á kvöldin og um helgar. Farið var yfir tengiliðaupplýsingar rekstraraðila.

8. Önnur mál

Rekstraraðila var bent á að komið væri að endurskoðun vöktunaráætlunar stöðvarinnar.

9. Skoðunarferð (farin 25. maí)

Stöðin er mjög snyrtileg og engar athugasemdir eru gerðar við umgengni og frágang.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að setja allar umbeðnar upplýsingar fram á skýran hátt í ársyfirliti, t.d. að losun fosfórs og köfnunarefnis séu á því formi sem tilgreint er í starfsleyfi.

ANNAÐ


Rætt var á fundinum 26. maí að komið væri að endurskoðun vöktunaráætlunar.

Breyting var gerð á kröfum um mælingar og er því aðeins krafa um eina mælingu á ári á heildarfosfór og heildarköfnunarefni við inntak vatns í stöðina og við útrás frárennslis frá stöðina. Kröfur um aðrar mælingar eru óbreyttar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 10.08.2023


Freyr Evarsson

